

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. júní 2017 í máli nr. S-724/2016:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

Sigurði Jóhanni Halldórssyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí sl., er höfðað með ákærum héraðssaksóknara þann 27. september 2016 og 30. janúar 2017, á hendur Sigurði Jóhanni Halldórssyni, Bólstaðarhlíð 68, Reykjavík. Með ákæru 27. september 2016 er ákært fyrir brot gegn valdstjórninni og tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar, með því að hafa aðfararnótt miðvikudagsins 10. ágúst 2016 á ofangreindu heimili sínu að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík, veist með ofbeldi og hótunum að lögreglumönnum A og A sem þar voru við skyldustörf. Ákærði kom út af baðherbergi íbúðarinnar vopnaður hnífi með 15 sm löngu blaði, gekk í átt að lögreglumönnum og otaði að þeim hnífnum og hótaði þeim þannig líkamsmeiðingum og lífláti í verki. Þá hótaði ákærði lögreglumanninum A ítrekað lífláti og elti hann inn í stofu með hnífinn á lofti, sveiflaði hnífnum í átt að A og gerði tilraun til að stinga hann með honum en A náði að verjast honum með lögregluskylði sínum auk þess að slá í hönd ákærða með lögreglukylfu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. og 2. mgr. 218. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er ákærða með ákæru 30. janúar 2017 gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa aðfararnótt laugardagsins 9. júlí 2016 ekið bifreiðinni MD-129 sviptur ökurétti og undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði mældist 0,83 ‰) austur Bústaðaveg í Reykjavík uns aksturinn var stöðvaður skömmu síðar á bifreiðastæði Skeljungs við Bústaðaveg.

Telst þetta varða við 1. sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðalaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006.

Ákæra 27. september 2016

Samkvæmt gögnum málsins fékk lögregla tilkynningu aðfaranótt miðvikudagsins 10. ágúst 2016, kl. 01.29, vegna manns, sem væri með hótanir um sjálfsskaða og væri hann með hníf. Í frumskýrslu kemur fram að tilkynnandi hafi ætlað að opna fyrir lögreglu inn í húsið, sem væri fjöleignarhús. Samkvæmt tilkynningu hafi ekki komið fram hvort ákærði hafi reynt að veita öðrum áverka eða verið með hótanir um slíkt. Lögreglumenn hafi verið komnir á vettvang kl. 01.39 og hafi C, er tilkynnt hafi um aðilann, tekið á móti lögreglu og opnað inn í stigagang fjöleignarhússins. Fram kemur að lögreglumennirnir, A og B, hafi verið í lögregluvarnarvestum, með langar kylfur, stóran piparúðabrúsa og með skotskýlingarskjöld. C hafi tjáð lögreglumönnum að hurð að íbúðinni væri opin og hafi hurðin blasað við lögreglumönnum á stigapallinum fyrir ofan þegar þeir gengu inn í húsið. C hafi tjáð lögreglumönnum að ákærði væri inni á salerni íbúðarinnar. Er lögreglumenn hafi komið inn í íbúðina hafi eldhúsið verið beint af augum. Útidyrhurð íbúðarinnar opnast inn til hægri og væri salerni á hægri hönd þegar gengið væri inn. Þegar staðið væri fyrir framan salernið væri svefnherbergi á vinstri hönd. Stofa væri vinstra megin þegar komið væri inn í íbúðina og væri hægt að ganga út á svalir úr henni.

Í frumskýrslu kemur fram að þegar lögreglumenn hafi komið inn í íbúðina hafi þeir orðið varir við blóð á veggjum og gólfi íbúðarinnar á gangi við salernið. Hafi lögreglumenn farið að salernishurðinni sem hallað hafi verið aftur og ólæst. Þeir hafi verið með skjöldinn við hurðina þegar þeir hafi opnað hurðina og séð ákærða inni á salerni. Hann hafi einungis verið klæddur í nærbuxur og sokka og verið með stóran hníf í hendi þar sem hann hafi staðið við salernisskálina. Ákærði hafi virst í mjög annarlegu ástandi og mjög æstur en ástand hans hafi bent til neyslu örvandi efna. Töluvert blóð hafi verið að sjá inni á salerninu. Hafi lögreglumenn bakkað frá salernishurðinni og tilkynnt ákærða að um lögreglumenn væri að ræða. Hafi þeir skipað ákærða að leggja frá sér hnífinn. Ákærði hafi við þetta orðið brjáláður og skipað lögreglumönnum að fara út úr íbúðinni. Hafi hann komið á móti lögreglu út af salerninu með hnífinn í hendi. Þeir hafi bakkað frá ákærða og gefið honum ítrekað skipanir um að leggja frá sér hnífinn. Lögreglumadurinn B hafi verið staðsettur við útidyrhurðina og leitað skjóls við hana. Ákærði hafi stokkið af öllu afli á hurðina og sparkað henni aftur. Um leið hafi hann sett fótinn fyrir hurðina. Hann hafi verið með hníf í hendi, mjög æstur og hótað að drepa lögreglumennina með hnífnum. Við þetta hafi lögreglumadurinn A verið orðinn einn eftir inni í íbúðinni með ákærða. Ákærði hafi verið með ítrekaðar hótanir um að drepa A. Hann hafi gengið frá hurðinni í átt að A þar sem A hafi verið staddur í stofunni. Ákærði hafi verið með hnífinn á lofti og beitt honum eins og hann ætlaði að stinga og skera með honum. Hafi A ítrekað skipað ákærða að leggja frá sér

hnífinn en hann hafi gengið hratt að A með hnífinn fyrir framan sig og reynt að stinga hann. A hafi varið sig með skildinum og slegið með kylfu í hendi ákærða og öxl. Ákærði hafi hörfað frá A við högginn og farið aftur að útidyráhrúðinni með hnífinn í hendi. A hafi þá gripið tækifærið og sprautað piparúða í andlit hans þar sem hann hafi staðið, allt þar til ákærði hafi fallið í gólfið. Er þessu fór fram hafi ákærði stungið hnífnum af öllu afli í útidyráhrúð íbúðarinnar og hnífurinn þá setið þar fastur. A hafi kallað á lögreglumanninn B og sagt honum að búið væri að sprauta piparúða á ákærða og að hann ætti að aðstoða sig. Ákærði hafi verið sem óður á gólfi íbúðarinnar og skriðið í átt að salerni. Honum hafi verið gefnar skipanir um að setja hendur fyrir aftan bak en hann hafi ekki farið að fyrirmælunum og lögreglumenn því beitt kylfum til að yfirbuga hann. Að lokum hafi tekist að setja ákærða í handjárn en það hafi verið erfitt þar sem hann hafi verið mjög sveittur og blóðkám á honum. Ákærði hafi barist um á hæl og hnakka og verið færður í handjárn inni á salerni. Hann hafi ítrekað kúgast og hóstað. Sökum þess að piparúði hafi verið notaður hafi ákærði verið færður fram á gang íbúðarinnar fyrir framan eldhús til að auðveldara væri að tryggja eðlilega öndun. Eftir skamma stund hafi ákærði verið orðinn æstur aftur og þurft hafi að liggja ofan á honum til hafa hemil á honum. Blætt hafi úr vitum hans. Hrákagríma hafi verið sett á hann þar sem hann hafi ítrekað hrækt. Sjúkraflutningamenn hafi komið á vettvang, en þeir hafi gefið ákærða róandi lyf og hafi hann róast í framhaldi. C hafi verið á vettvangi á meðan lögreglumenn hafi verið að vinna og hafi henni ítrekað verið bent á að halda sig frá vettvangi á meðan lögreglumenn væru að sinna málinu. Fleiri lögreglumenn hafi komið á vettvang og aðstoðað. Hafi ákærði verið fluttur á slysadeild til skoðunar.

Tæknideild lögreglu hefur ritað skýrslu vegna vettvangsrannsóknar að Bólstaðarhlíð 68 og er hún á meðal gagna málsins. Í niðurstöðu skýrslunnar kemur m.a. fram að í tilkynningu til lögreglu hafi verið greint frá því að ákærði hafi verið búinn að veita sér áverka með hníf. Þegar lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi þeir séð að ákærða hafi blætt a.m.k. frá hálsi og brjósti. Tæknideild hefur tekið ljósmyndir af vettvangi og eru þær á meðal gagna málsins. Samkvæmt skýrslu tæknideildar var hnífur haldlagður á vettvangi og var heildarlengd hnífsins 28,5 cm og lengd blaðs 15 cm. Hnífurinn vóg 138,5 grömm.

Sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss hefur 31. ágúst 2016 ritað læknisvottorð vegna komu ákærða á slysadeild 10. ágúst 2016. Fram kemur að ákærði hafi ekki fengist til samvinnu við skoðun. Hann hafi verið með fjölmarga skurði sem blætt hafi úr en engin slagæðablæðing hafi verið til staðar. Á hálsi hafi verið fjórir grunnir skurðir sem hafi verið lokað. Á brjóstakassa vinstra megin hafi verið lítill skurður en gapandi, og hafi honum verið lokað með spori. Á hægri hönd hafi verið skurðir og spor hafi verið sett í vísifingur hægri

handar og tvö í litla fingur sömu handar. Á litla fingri og baugfingri vinstri handar hafi verið skurðir sem spor hafi verið sett í. Skurði á hægri læri hafi verið lokað með sex sporum. Þá hafi vinstra læri verið lokað með þremur sporum.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 30. ágúst 2016 var 1,85 o/oo alkóhóls í sýni er tekið var úr ákærða á slysadeild. Þá mældist 750 ng/ml af kókaíni í sýni úr ákærða. Fram kemur að hlutaðeigandi hafi verið ölvaður þegar blóðsýni hafi verið tekið og einnig undir miklum örvandi áhrifum, jafnvel eitrunar, vegna kókaíns. Samkvæmt gögnum málsins voru sýni tekin úr ákærða kl. 02.34 aðfaranótt 10. ágúst 2016.

Að kröfu ákærða var framkvæmd geðheilbrigðisrannsókn á honum. Í niðurstöðu geðheilbrigðisrannsóknarinnar, sem er frá 27. apríl 2017, kemur fram það álit geðlæknis að ákærði sé sakhæfur. Hann hafi engin merki um sturlun, geðrof né rugl. Hann hafi verið undir miklum áhrifum frá bæði kókaíni og alkóhóli þegar ætluð brot hafi verið framin, og hafi það örugglega haft mikil áhrif á að hann upplifði skyndilega mikla depurð og sjálfsvígshugsanir, heyrði hugsanlega rödd og fór að skaða sjálfan sig. Ákærði væri nú með töluverð depurðareinkenni og upplifði stundum geðrofseinkenni. Ekkert benti þó til alvarlegrar persónuleikaröskunar, heilaskaða eða greindarskorts sem væru af þeirri gráðu að það firri hann ábyrgð gerða sinna. Geðræn einkenni þau sem lýst væri leiði ekki til ósakhæfis samkvæmt 15. gr. laga nr. 19/1940. Þau útiloki ekki heldur að fangelsisvist né refsing komi að gagni.

Ákærði hefur greint svo frá að hann hafi að kvöldi þriðjudagsins 9. ágúst 2016 tekið inn efni í þeim tilgangi að drepa sig. Um hafi verið að ræða kókaín og heimabugg. Hann hafi verið staddur á heimili sínu að Bólstaðarhlíð í Reykjavík. Hann ætti sér langa sögu geðrofssjúkdóma, sem tengist fíkniefnaneyslu fyrri ára. Myndi ákærði lítið eftir þeirri atburðarás er síðar hafi átt sér stað um nóttina er lögreglumenn hafi komið á vettvang. Hafi öll skynjun hans verið þannig. Hann hafi séð að einhverjir einstaklingar væru komnir inn á baðherbergi til hans en ekki áttað sig á því að um væri að ræða lögreglumenn. Hann hafi einungis séð stórar verur komnar inn í íbúðina en myndi einungis eftir því að um mikil læti hafi átt sér stað og mikið hafi verið öskrað. Hann hafi verið laminn harkalega í íbúðinni. Ákærði kvaðst ekki muna hvort hann hafi verið með hníf í hendi er átökin hafi átt sér stað. Hann kvaðst ekki kannast við að hafa komið út af baðherbergi íbúðarinnar með hníf í hendi. Hann myndi nokkur atriði úr atburðarásinni; t.a.m. myndi hann eftir að hafa sparkað aftur hurð íbúðarinnar sem við það hafi lokast og eftir því að piparúða hafi verið sprautað á hann. Rétt áður en það hafi verið hafi ákærði fengið tvö högg sem lent hafi í öxl hans. Allt hafi gerst á nokkrum mínútum. Hann hafi endað á gólfi

Íbúðarinnar þegar piparúðinn hafi verið notaður á hann. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa hótad lögreglumönnum en hann myndi eftir að hafa kallað á C og beðið hana um að hringja eftir hjálp. Ákærði kvaðst detta út úr raunveruleikanum þegar hann færi í geðrofsástand. Á þeim tíma er atburðir hafi átt sér stað hafi ákærði verið á geðrofslyfjum vegna ástands síns, sem hann hafi verið búinn að taka í langan tíma. Hann hafi oftsinnis farið á geðdeild vegna ástands síns. Ákærði kvaðst hafa verið illa áttaður er hann hafi gefið skýrslu hjá lögreglu. Hann hafi leitað á sjúkrahöfnun í kjölfar atburðarins en lunga hans hafi fallið saman við átökin og hann hafi þurft að vera í öndunarvél í tvo eða þrjú daga. Hendur hans hafi farið illa í átökunum og hafi hann verið með verki í öxlum eftir þetta, sem og víðsvegar í líkamanum. Margir þeir áverkar sem hann hafi greinst með hafi verið varnaráverkar eftir átök við lögregluna. Skráma á hálsi hafi verið eftir ákærða sjálfan.

Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu, 10. ágúst 2016 kl. 15.00, lýsti hann því að hann hafi verið orðinn alveg blindfullur og ruglaður í hausnum. Hann hafi ætlað að "kála sér". Þá hafi fyrrverandi unnusta hans hringt á lögreglu. Hann kvaðst kannast við að hafa veitt mótspyrnu við handtöku en hann hafi viljað fá að „kála sér“ í friði. Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu næsta dag kvaðst hann muna eftir að hafa verið inni á klósetti með hníf en hann hafi ætlað að ganga frá sér. Hann myndi ekki eftir því að hafa átt orðaskipti við lögreglumennina. Hann minnti þó að lögreglumaður hafi sagt honum að leggja frá sér hnífinn. Síðan myndi hann eftir því að lögreglumaðurinn hafi sagst vera með piparúða sem hann ætlaði að nota á hann. Ákærði hafi sagt að lögreglumaðurinn yrði þá bara að gera það. Í framhaldi hafi hann fallið í gólf, en þá hafi hamagangurinn byrjað. Hafi lögreglumennirnir stökkið á hann og byrjað að berja hann. Hann hafi öskrað á C sem hafi komið inn og reynt að stoppa lögreglu en lögreglumennirnir hafi rekið hana aftur út úr íbúðinni. Ákærði kvaðst muna eftir að hafa beðið C um að hringja ekki á lögreglu er hún hafi sagst ætla að gera það. Hann kvaðst muna eftir að hafa beint hnífnum að brjóstakassa C er hann hafi beðið hana um að hringja ekki á lögreglu.

A lögreglumaður bar að lögreglu hafi borist tilkynning um mann sem væri að veita sér sjálfsáverka. Lögreglumenn hafi farið á staðinn og á leið þangað hafi þeir fengið nánari upplýsingar. Þá hafi m.a. komið fram að tilkynnandi myndi opna fyrir lögreglumönnum. Hann hafi sinnt útkallinu og með honum verið lögreglumaðurinn B. Þeir hafi ákveðið að taka með sér stóran brúsa af piparúða, varnarskjöld og langar kylfur. Tilkynnandi hafi tekið á móti lögreglu og tjáð þeim að maðurinn væri inni á salerni íbúðarinnar. Rætt hafi verið stuttlega við tilkynnanda, C, en C hafi virkað róleg og yfirveguð. Lögreglumenn hafi gert sig klára og farið inn í íbúðina. Er inn hafi verið komið hafi þeir veitt athygli blóðkámi

á veggjum og gólfi. Baðherbergið hafi verið til hægri er inn var komið. Hurð baðherbergisins hafi verið ólæst. A hafi verið með lögregluskjöldinn fyrir framan sig er þeir opnuðu hurðina inn á baðherbergið. Inni á baðherberginu hafi verið blóð og blóðkám. Ákærði hafi verið inni á baðherberginu á nærbuxum einum fata. Hann hafi allur verið sveittur og með hníf í hendi. Þeir hafi sagt ákærða að lögregla væri þar á ferð og skipað honum að leggja frá sér hnífinn. Ákærði hafi í því snúið sér við og hlaupið á móti þeim. Þeir hafi hörfað að útidyrhurð íbúðarinnar og B leitað skjóls á bak við hana. Ákærði hafi haldið hnífnum þannig að blaðið hafi vísað niður. Þeir hafi reynt að ræða við hann. Ákærði hafi stokkið á útihurðina og hurðin við það skallið aftur. Hann hafi síðan haldið hurðinni fastri um stund en í framhaldi gengið í átt að eldhúsi íbúðarinnar með hnífinn í hendi og hóttað A. A hafi hörfað afturárbak inn í stofu íbúðarinnar með skjöldinn fyrir framan sig. Ákærði hafi tekið á rás í átt að A með hnífinn reiddan fram en A hafi fært sig til hliðar og náð að slá með kylfu á hönd ákærða. Ákærði hafi aftur reynt að stinga A sem aftur hafi náð að slá með kylfunni í öxl eða upphandlegg ákærða. Ákærði hafi við þetta hörfað aftur að hurð íbúðarinnar um leið og hann hafi kallað að piparúði dygði ekki. A hafi í því sprautað piparúða í andlit hans. Við það hafi hann lagst í gólfið. Um leið hafi A sagt B að koma inn í íbúðina. Ákærði hafi skriðið í átt að salerni íbúðarinnar. A hafi staðið í þeirri trú að ákærði væri með hnífinn undir sér. Ákærði hafi ekki viljað setja hendur fyrir aftan bak og í því skyni hafi hann þurft að nota kylfu. Inni á baðherbergi hafi ákærði gefist upp og sett hendur fyrir aftan bak. Íbúðin hafi verið full af piparúða. Hafi A orðið þess áskynja að öndun ákærða var orðin grunn og hafi hann haft af því áhyggjur og því farið með ákærða út af baðherberginu. Ákærði hafi skyndilega brjálást og A þurft að leggjast ofan á ákærða til að hemja hann. Ákærði hafi á þeim tíma verið kominn í handjárn. Í því hafi B séð að hnífurinn stóð fastur í útidyrhurð íbúðarinnar. Búið hafi verið að óska eftir aðstoð lögreglu, auk þess sem sjúkraflutningalið hafi komið á staðinn. Sjúkraflutningamenn hafi sprautað ákærða niður og hann þá róast. Aðrir lögreglumenn hafi komið á staðinn og ákærði verið fluttur á slysadeild. A kvaðst hafa lent í ýmsu í gegnum tíðina í störfum sem lögreglumaður, en hann væri m.a. í sérsveit lögreglu. Hafi honum fundist lífi sínu vera ógnað umrætt sinn. Hann hafi skynjað það þannig að ákærði ætlaði að drepa hann. Aðfarir hans hafi verið þannig að ekki hafi virst sem A ætti neina möguleika. A kvaðst hafa fengið þjálfun í að fást við erfiðar aðstæður. Í þeim aðstæðum er hann hafi verið í þarna hefði getað farið illa ef um venjulegan lögreglumann hefði verið að ræða. A kvaðst muna eftir návist C þegar búið hafi verið að setja piparúða á ákærða. Þá hafi hún komið upp. A kvaðst þess fullviss að hún hafi ekki verið í íbúðinni á meðan átökin hafi átt sér stað. Ákærða hefði mátt vera ljóst að þarna var lögregla á ferð.

B lögreglumaður kvaðst hafa sinnt umræddu útkalli ásamt lögreglumanninum A. Fyrirverandi unnusta ákærða hafi tekið á móti lögreglu á vettvangi. Hún hafi verið frekar róleg og vísað þeim inn í íbúðina og sagt að ákærði væri inni á baðherbergi íbúðarinnar. B og A hafi farið inn í íbúðina. Hurð að baðherberginu hafi ekki verið læst. Þeir hafi gert ákærða grein fyrir því, um leið og þeir hafi opnað hurðina að baðherberginu, að lögregla væri þar á ferð. Ákærði hafi orðið mjög æstur og hafi hann skammað fyrirverandi unnustu sína, C, fyrir að hringja á lögregluna. Hafi þeir sagt ákærða að leggja frá sér hníf, sem hann hafi verið með í hendi og að hann ætti að leggjast niður á gólfið. Hann hafi ekki hlýtt þessum fyrirmælum lögreglu og orðið mjög æstur. Allt hafi gerst mjög hratt. Ákærði hafi ætt á móti þeim. Hafi hann verið með hníf í vinstri hendi og sett hana í andlitshæð. Hafi ákærði ógnað þeim með hnífnum er hann hafi komið á móti þeim. Hafi B leitað skjóls á bak við útidyrhurð íbúðarinnar. Lögreglumaðurinn A hafi hins vegar leitað inn í íbúðina. Ákærði hafi dúndrað í útidyrhurðina og hurðin við það lokast. Smá rifa hafi verið í stutta stund á milli stafs og hurðar en ákærði hafi staðið fyrir hurðinni að innan. Kvaðst B hafa séð lögreglumanninn A í gegnum rifuna á hurðinni. Hafi A verið með varnarskjöld í annari hendi og kylfu í hinni. Síðan hafi hurðin lokast og ákærði haldið henni lokaðri. B hafi í upphafi reynt að opna hurðina en síðan hætt þeim tilraunum í ljósi þess að hann var ekki með neinn skjöld og því óvarinn ef hann gengi beint í fang ákærða. Í gegnum hurðina hafi hann heyrt A skora á ákærða að leggja frá sér hnífinn. Ákærði hafi sagt eitthvað en B ekki greint hvað hann sagði. Stuttu síðar hafi A kallað að hann væri að nota piparúða á ákærða og í framhaldi sagt B að koma inn í íbúðina. Ákærði hafi þá verið fyrir framan baðherbergið og eldhús íbúðarinnar. Hafi þeir skorað á ákærða að setja hendur fyrir aftan bak en hann hafi ekki orðið við því og hafi þeir þurft að nota kylfu til að fá hann til að hlýða. Í framhaldi hafi ákærði verið handjárnaður. Ákærði hafi farið að berjast um í handjárnunum. A hafi ætlað að ná í vatn til að skola ákærða í framan eftir úðann. Ákærði hafi þá ærst og þeir þurft að hafa sig alla við að halda honum. Hann hafi rokið upp og niður og tekið til við að hrækja á þá. Hafi þeir sent C í burtu um leið og þeir hafi sótt hrákagrímu til að setja á ákærða. Í því hafi B veitt athygli hnífnum er ákærði hefði verið með en hnífurinn hafi þá staðið fastur í útidyrhurð íbúðarinnar. Þeir hafi verið búnir að óska eftir aðstoð og aðrir lögreglumenn komið á vettvang sem og sjúkraflutningamenn. Hafi ákærði verið sprautaður niður og fluttur á slysadeild. B kvað C í upphafi hafa beðið lögreglu fyrir utan en hún hafi opnað fyrir þeim húsið. Er lögreglumenn hafi farið inn í íbúðina hafi hún farið út. Hafi hún síðan verið fyrir utan er B hafi komið til að ná í hrákagrímuna. Kvaðst B ekki muna eftir henni inni í íbúðinni á meðan á atlögunni stóð fyrir utan að ákærði hafi skammað hana í upphafi fyrir að kalla til

lögregluna. B kvað A hafa sagt sér eftirá að ákærði hafi inni í íbúðinni, á meðan B var frammi, hótað að drepa A. Hafi A náð að slá í hendi ákærða þannig að hann hafi fípast. Í framhaldi hafi A náð að sprauta piparúða á ákærða. B kvað þetta tímanlega hafa getað átt sér stað á meðan hurðin var lokuð.

Fyrir dóminn komu lögreglumenn er einnig sinntu umræddu útkalli, en komu á staðinn eftir að ákærði var handjárnaður. Fram kom að ákærði hafi legið á gólfinu er lögreglumennirnir hafi komið að. Sjúkraflutningamenn hafi verið komnir á staðinn. Einn lögreglumanna kvað lögreglumanninn A hafa tjáð sér að hann hafi lokast inni í íbúðinni með ákærða, en þá hafi mestu átökin átt sér stað. Ákærði hefði „hjólað“ í sig og mikið gengið á. Hafi A greinilega verið brugðið og honum fundist sér ógnað.

C kvað ákærða vera fyrrum unnusta sinn, en þau hafi búið saman í fjögur ár. C hafi hætt með ákærða vegna þunglyndis er hann hafi búið við, sem hafi farið stigvaxandi á þeim tíma er þau hafi búið saman. Undir lokin hafi einnig verið kominn fram kvíði hjá ákærða og ákærði verið í mikilli neyslu fíkniefna. Hafi ákærði verið kominn í eins konar geðrofsástand. Ákærði hafi komið á heimili C að kvöldi föstudagsins 8. júlí 2016. Hann hafi verið undir miklum áhrifum og ætlað að skaða sjálfan sig. C hafi ekki þorað annað en að hringja á lögreglu og biðja um aðstoð vegna hans. Hún hafi tekið fram að ekki stafaði hætta af honum. Hún hafi einungis verið hrædd um ákærða sjálfan. Hann hafi mögulega verið kominn í geðrofsástand og verið með miklar ranghugmyndir. Er lögreglu hafi borið að garði hafi C opnað fyrir lögreglumönnum. Þeir hafi farið inn og C verið fyrir aftan þá. Er þeir hafi opnað hurðina inn í íbúðina hafi ákærði verið inni í baðherbergi. Er hann hafi orðið lögreglumanna var hafi hann brotist fram. C hafi þá verið inni í íbúðinni. Er ákærði kom út af baðherberginu og í átt að lögreglumönnum hafi hann verið með hníf í hendi. Hann hafi haldið hnífnum í brjósthæð og verið í miklu uppnámi. Hann hafi verið hissa að sjá lögreglu í íbúðinni. C hafi verið búin að segja honum að hún myndi kalla til lögreglu vegna ástands hans. Er ákærði hafi rokið út af baðherberginu hafi hann sparkað aftur útidyrhurð íbúðarinnar. Í beinu framhaldi hafi lögreglumenn notað piparúða á ákærða þar sem hann hafi verið inni á baði. Hafi lögreglumaðurinn A notað kylfu til að koma höndum ákærða aftur fyrir bak. C kvaðst hafa farið til lögreglumannanna og beðið þá um að hætta aðgerðum en þeir sagt henni að fara frá. C kvaðst ekki minnast þess að hafa heyrt ákærða hóta lögreglumönnum. Hún myndi helst eftir því að lætin hafi verið mikil. Hafi henni líðið illa við að horfa upp á aðfarirnar.

Geðlæknir er framkvæmdi geðrannsókn á ákærða kvað ákærða hafa verið sakhæfan á verknaðarstundu. Hann hafi verið undir miklum áhrifum áfengis og vímuefna. Hann ætti við geðræn vandmál að stríða, eins og geðrof, ofskynjanir og

ranghugmyndir. Þau einkenni geti stafað af neyslu ákærða frá fyrri tíma. Alls ekki allir einstaklingar væru ósakhæfir í geðrofi. Til að svo væri þyrftu þeir að vera undir áhrifum radda sem gæfu þeim fyrirmæli um að gera eitthvað. Vandamál ákærða tengdust neyslu kókaíns og því að hafa á árum áður notað stera. Gengi ákærða betur í dag, en hann væri þó ekki laus undan allri neyslu.

Niðurstaða:

Ákærða er gefið að sök brot gegn valdstjórninni og tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar með því að hafa veist með ofbeldi og hótunum að lögreglumönnum A og B þar sem þeir voru við skyldustörf. Í ákæru er miðað við að ákærði hafi komið út af baðherbergi íbúðarinnar að Bólstaðarhlíð 68 í Reykjavík vopnaður hnífi með 15 cm löngu blaði, gengið í átt að lögreglumönnum og otað að þeim hnífnum og hótað þeim þannig líkamsmeiðingum og lífláti í verki. Þá er við það miðað að ákærði hafi ítrekað hótað lögreglumanninum A lífláti og elt hann inn í stofu með hnífinn á lofti, sveiflað hnífnum í átt að A og gert tilraun til að stinga hann með hnífnum, en A náð að verjast honum með lögregluskyldi, auk þess að slá í hönd hans með lögreglukylfu.

Ákærði neitar sök. Ber hann einkum við minnisleysi sökum mikillar neyslu áfengis og vímuefna. Hann kannast þó við að hafa lent í átökum umrætt sinn. Eins kannast hann við að hafa reynt að valda sjálfum sér skaða. Hann kveðst muna eftir því að hafa sparkað aftur hurð er átök hafi farið af stað. Eins myndi hann eftir því að piparúða hafi verið beitt gagnvart honum. Rétt áður hafi ákærði fengið tvö högg á aðra öxlina. Lítið annað kveðst hann muna úr atburðarásinni. Fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við að hafa verið með hníf í hendi eða að hafa hótað lögreglumönnum með hnífi. Er ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu kannaðist hann þó við að hafa verið að veita sjálfum sér sjálfsskaða með hnífi. Hafi hann verið með hnífinn inni á baðherbergi. Þá kannaðist ákærði við að hafa verið með hníf í hendi og beint honum að C er hann hafi sagt henni að hringja ekki á lögreglu. Eins minnti hann að lögreglumaður hafi sagt honum að leggja frá sér hnífinn og að piparúði yrði notaður á hann. Hafi ákærði sagt við lögreglumanninn að hann yrði þá að nota úðann.

Lögreglumennirnir, A og B, hafa lýst upphafi atvika nokkuð á sama veg. Hafa þeir lýst því að C hafi vísað þeim á ákærða þar sem hann hafi verið inni á baðherbergi íbúðarinnar. Er þeir hafi opnað hurð inn á baðherbergið hafi ákærði komið á móti þeim með hníf í hendi. Lögreglumenn hafi skipað ákærða að leggja frá sér hnífinn. Hann hafi ekki farið að þeim fyrirmælum og sveiflað hnífnum í átt að lögreglumönnum. Lögreglumennirnir hafi hörfað frá honum. A hafi verið með varnarskjöld en B ekki. Hafi B leitað skjóls á bak við útidyrhurð íbúðarinnar.

Ákærði hafi stokkið á hurðina og sparkað henni aftur. Við það hafi B lokast frammi á gangi. Hafi ákærði haldið við hurðina þannig að B kæmist ekki inn í íbúðina.

Framburðir lögreglumannanna tveggja taka síðan mið af því að þeir urðu viðskila í kjölfar þessa. Lögreglumaðurinn A hefur lýst því að ákærði hafi ráðist gegn sér með því að reyna að stinga sig með hnífnum um leið og hann hafi hóttað sér lífláti. A hafi náð að slá ákærða í tvígang með kylfu. Ákærði hafi við það misst hnífinn og A náð að beita piparúða gagnvart ákærða. Ákærði hafi fallið í gólfíð og A sagt B að koma inn í íbúðina til að aðstoða sig. Eftir að B hafi verið kominn inn hafi þeir tveir í sameiningu sett ákærða í handjárn. Þrátt fyrir að ákærði væri í jarnnum hafi hann barist um og ekki róast fyrir en sjúkraflutningamenn hafi sprautað hann niður.

B hefur lýst því að eftir að hann varð viðskila við A hafi hann reynt að komast aftur inn í íbúðina. Ákærði hafi varnað því með því að standa fyrir hurðinni. Eftir stutta stund hafi B hætt að reyna að komast inn af ótta við að ganga óvarinn inn í aðstæðurnar. Hann hafi heyrt A skora á ákærða að leggja frá sér hnífinn og ákærða svara einhverju sem hann hafi ekki greint. Eftir það hafi A sagt B að hann væri að nota piparúða og skömmu síðar beðið B koma inn í íbúðina til að aðstoða sig.

Framburður fyrrum unnustu ákærða er nokkuð á sama veg og hér að ofan hefur verið rakið. Hún hefur þó staðhæft að hún hafi verið inni í íbúðinni allan tímann og ekki séð ákærða veitast að A með þeim hætti er hann ber.

Með hliðsjón af samhljóða framburðum lögreglumannanna A og B er sannað að ákærði hafi komið út af baðherbergi íbúðarinnar vopnaður 15 cm löngum hnífi, gengið í átt að lögreglumönnum og otað að þeim hnífnum. Ákærði var og er stæðilegur maður á velli og vel hraustur. Hann bar hjá lögreglu að hann hafi verið ósáttur við að C myndi kalla til lögreglu. Þá hefur lögreglumaðurinn B borið að ákærði hafi skammað C fyrir að lögregla væri komin á staðinn. Loks er til þess að líta að ákærði hefur borið að hann hafi áttað sig á að piparúði yrði notaður á hann þessa nótt. Með hliðsjón af þessu og þeim framburði lögreglumannanna að þeir hafi í upphafi gert ákærða grein fyrir því að um lögreglu væri að ræða er sannað að ákærða hafi verið ljóst að lögreglumenn væru komnir inn í íbúðina umrætt sinn. Það framferði hans að fara fram gegn lögreglumönnum líkt og lýst var, með hníf að vopni, var hótun um líkamsmeiðingu og líflát í verki.

Framburður lögreglumannsins A um hótanir ákærða og aðför hans inn í stofunni um líflátshótanir og að hafa reynt að stinga A var trúverðugur hér fyrir dóminum. Augljóst var að lögreglumaðurinn hafði upplifað mikinn lífsháska, en það fær að auki stóð í framburði lögreglumanna er síðar komu á vettvang sem lýstu því að A hafi verið brugðið. A lýsti þessu atviki einnig fyrir lögreglumanninum B

síðar þessa nótt. Fær þessi lýsing A nokkra stoð í framburði B sem hefur lýst því að nokkur tími hafi liðið frá því B lokaðist úti þar til A hafi sagt honum að koma inn í íbúðina. Í millitíðinni hafi A skipað ákærða að leggja frá sér hnífinn og ákærði svarað einhverju sem lögreglumaðurinn hafi ekki greint. Þá fær framburður A einnig ákveðna stoð í framburði ákærða sjálfs sem hefur borið að hafa fengið tvö högg í öxlina áður en piparúða var beitt gagnvart honum.

Í ljósi þess er hér að framan greinir er að mati dómsins hafið yfir vafa að ákærði elti lögreglumanninn A inn í íbúðina og gerði tilraun til að stinga hann með hnífnum. Þykir framburður fyrrum unnustu ákærða, sem gengur gegn þessu, ekki haggja þessari niðurstöðu en framburð hennar verður að meta í ljósi tengsla hennar við ákærða og þess að fram er komið að hún reyndi að fá lögreglu til að hætta aðgerðum gagnvart ákærða þessa nótt. Að beita hnífi, með 15 cm löngu blaði, gegn lögreglumanninum A var tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar. Með hliðsjón af þessu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemi hans rétt heimfærði til refsíákvæða í ákærinni.

Ákæra 30. janúar 2017.

Ákærði hefur játað sök samkvæmt ákæru. Með vísan til þeirrar játningar hans, sem samrýmist gögnum málsins, er sannað að ákærði hafi framið þau brot er í ákæru greinir og eru brotin rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði er fæddur í nóvember 1986. Hann á að baki sakaferil. Hann hefur í þrígang verið dæmdur fyrir brot gegn umferðarlögum, auk þess að hafa í tvígang gengist undir sáttir fyrir umferðarlagabrot. Brot ákærða í máli þessu eru mjög alvarleg, en hann hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn valdstjórninni og tilraun til sérstaklega hættulegrar líkamsárásar gagnvart lögreglumönnum. Var mildi að verulegt líkamstjón hlaust ekki af, en framferði ákærða með hnífinn var stórháskalegt. Með hliðsjón af háttsemi ákærða er refsing hans ákveðin fangelsi í 8 mánuði, sem í ljósi háttseminnar þykir ekki fært að skilorðsbinda.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt yfirliti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinsson hæstaréttarlögmanns, svo sem greinir í dómsorði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir vara-héraðssaksóknari.

Símon Sigvaldason héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Jóhann Halldórsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði 2.562.155 krónur í sakarkostnað, þ.m.t málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 1.686.400 krónur.

Símon Sigvaldason